

Þegar gildistími líftryggingasamnings í íslenskum krónum er átta ár eða skemmri, og iðgjald er greitt í eitt skipti fyrir öll, mega loforð um vexti þó hæst nema 5,5% til viðbótar verðtryggingu og 7% í óverðtryggðum líftryggingasamningum.

Ákvæðin um hámark vaxta skulu endurskoðuð eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 98. gr. laga nr. 60/1994 um váttrygginga-starfsemi, sbr. ákvæði 18. gr. tilskipunar 92/96/EBE sem fellur undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, og öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið, 31. október 1995.

Finnur Ingólfsson.

Þorkell Helgason.

8. nóvember 1995

Nr. 574

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið stöðubann við suðurkant Skaftahlíðar milli Lönguhlíðar og Stakkahlíðar.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 8. nóvember 1995.

Böðvar Bragason.
e.u. Sturla Þórðarson.

9. nóvember 1995

Nr. 575

REGLUGERÐ

um ábyrgðargjald atvinnurekenda.

1. gr.

Ábyrgðargjald atvinnurekenda í ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota skal árið 1996 vera 0,08% af gjaldstofni sbr. 6. gr. laga nr. 113/1990.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 2. mgr. 3. gr. laga um ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota nr. 53/1993, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 9. nóvember 1995.

Páll Pétursson.

Sesselja Árnadóttir.